

Ársskýrsla Framhaldsskólans í Mosfellsbæ fyrir 2020

Ársskýrslan er unnin af skólameistara og aðstoðarskólameistara í mars 2021

Árangur af markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun 2021-2023: Staða árangursmælikvarða.

Kjarnastarfsemi:

Markmið 1 er að fjölga nemendum sem ljúka stúdentsprófi á þremur og hálfu ári.

Fyrsti árangursmælikvarðinn snýr að því að hlutfall nemenda sem útskrifast á þremur og hálfu ári aukist. Meðaltal þriggja árganga (H2016-H2018) er að um 18% þeirra uppfylla þessi viðmið. Annar árangursmælikvarðinn er lengd stúdentsprófsins, þar sem skoðaðir eru nemendur sem taka allt sitt nám til stúdentsprófs í FMOS. Við gerðum ráð fyrir að meðallengd stúdentsprófsins væri 3,6 ár 2019 og gerum ráð fyrir að 2021 muni meðallengdin vera 3,5. Brotthvarfið er þriðji árangursmælikvarðinn og eins og fram kom í ársskýrslu fyrir árið 2019 voru blikur á lofti um að brotthvarf myndi aukast vegna Covid-19 og niðurstaðan er að á vorönn ársins 2020 var brotthvarfið 11% en ekki er hægt að bera brotthvarfstölur haustannar saman við aðrar annir þar sem fjarnám var í gangi nánast alla önnina.

Markmið 2 er að nemendur séu vel undirbúnir fyrir virka þátttöku í samfélaginu.

Með því að leggja kannanir fyrir útskrifaða nemendur ætlum við að fylgjast með virkni þeirra í samfélaginu og viðmiðið fyrir árið 2021 er að allir nemendur séu virkir annað hvort í vinnu eða í frekara námi. Annar árangursmælikvarði er að meta gæði áfanga skólans, einnig með því að leggja kannanir fyrir útskrifaða nemendur. Endurskoðun kjarnaáfanga og allra áfanga á 3ja þrepi eru meðal þeirra aðgerða sem farið verður í.

Rekstrarþættir:

Markmið 1 er að rekstur skólans sé í jafnvægi og ein af aðgerðunum til að ná því markmiði er að minnka hlutfall yfirvinnu af heildarlaunakostnaði. Á vorönn 2021 er útlit fyrir að takist að lækka þetta hlutfall.

Markmið 2 Að auka starfsánægju í FMOS. Mælikvarðarnir sem verða notaðir eru kannanir af ýmsu tagi s.s. Starfsmannapúlsinn sem verður lagður fyrir í mars 2021 og könnunin Stofnun ársins sem verður lögð fyrir í október sama ár en þar er stefnt að 10. sæti árið 2021.

Nemendur

Meðaltals nemendafjöldi á árinu 2020 var 330 nemendur. Fjöldi nýnema sem sækja um FMOS beint eftir 10. bekk hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár, um það bil 60 nemendur. Aldursdreifing í skólanum hefur breyst töluvert á undanförunum árum, í þá átt að eldri nemendum fækkar frá því sem áður var og þeim yngri fjölgar. Mynstrið er þannig að fjórir yngstu árgangarnir eru fjölmennastir, en fáir nemendur úr öðrum árgöngum.

Nám

Boðið er upp á nám á fimm námsbrautum í skólanum, framhaldsskólabrú, sérnámsbraut og þremur stúdentsbrautum. Stúdentsbrautirnar eru félags- og hugvísindabraut, náttúruvísindabraut og opin stúdentsbraut. Á opinni stúdentsbraut er val um þrjú kjörsvið; almennt kjörsvið, hestakjörsvið, íþróttakjörsvið. Framhaldsskólabrautin sem við köllum framhaldsskólabrú er ætluð nemendum sem koma beint úr grunnskóla og eru með slakan árangur, annað hvort D í einkunn í tveimur til þremur kjarnagreinum eða með stjörnumerktar einkunnir. Sérnámsbraut er ætluð fyrir nemendur með fötlunargreiningu og er skipulögð sem 7 - 8 anna nám.

Námsframboðið er í samræmi við áherslur skóla og ráðuneytis og er nokkuð fjölbreytt.

Starfsmenn

Þrjú stjórnendur eru í skólanum, skólameistari og aðstoðarskólameistari, báðir í 100% stöðu og áfangastjóri í 60% stöðu. Við skólann starfar deildarstjóri sérnámsbrautar í hlutastarfi. Einn náms- og starfsráðgjafi er starfandi við skólann í 100% stöðu og einn sálfræðingur í 50% stöðu. Kennarar á haustönn 2020 voru 31 í 28 stöðugildum og aðrir starfsmenn 7 í 5 stöðugildum. Heildarstarfsmannafjöldi var því 41. Allir kennarar eru með kennsluréttindi og háskólamenntun í sinni kennslugrein og meirihluti þeirra með masterspróf.

Við skólann er stundað leiðsagnarnám þar sem má segja að kennsluaðferðirnar og námsmatið fléttist saman. Notaðar eru fjölbreyttar verkefni miðaðar kennsluaðferðir og leiðsagnarmat, og stundataflan er brotin upp með verkefnatímum þar sem kennarar eru til taks og nemendur stjórna sjálfir í hvaða verkefnatíma þeir mæta. Kennsluaðferðirnar miða að því að nemendur séu virkir þátttakendur í námi sínu og tileinki sér námsefnið í gegnum verkefni sem þeir vinna. Kjarninn í hugmyndinni er að nemendur fá tækifæri til að ræða námsefnið og verkefnið við kennarana sína og fá síðan umsagnir sem leiða þá áfram, bæði skriflegar og munnlegar. Vinna nemenda er metin jafnt og þétt og ekkert prófatímabil er í lok annar.

Mosfellsbær, 17. mars 2021

Guðrún Guðjónsdóttir, skólameistari

Inga Þóra Ingadóttir, aðstoðarskólameistari